



Sveitarfélagið Vopnafjörður

7.3.2019

Umsögn um drög að stefnu í Almenningsamgöngum

Í tilefni af drögum að stefnu um almenningsamgöngur sem kynnt var 14. febrúar sl. vill sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að flugþjónusta til Vopnafjarðar og Þórshafnar verði ekki skert. Það skiptir miklu máli fyrir búsetuskilyrði að jaðarbyggðir landsins búi við traustar og skilvirkar almenningsamgöngur og sjúkraflug. Veðurfar á Norðausturlandi býður ekki upp á að íbúar svæðisins reiði sig einvörðungu á vegasamgöngur, sér í lagi á stað eins og Vopnafirði þar sem allar slíkar samgöngur eru um erfiða fjallvegi.

Markmið stefnunnar er að jafna aðgengi Íslendinga að þjónustu. Sparnaði með niðurlagningu flugs á Norðausturhornið er náð fram með því að minnka þjónustu. Í stað þess að fljúga fimm sinnum í viku til Vopnafjarðar og Þórshafnar verður samkvæmt tillögu keyrt þrisvar sinnum í viku. Tillagan vinnur því gegn markmiðum stefnunnar. Vegna þess að atvinnuvegir eru fábreyttir á Norðausturlandi er mikilvægt að hægt sé að fjölga stoðum atvinnulífsins. Þar er nærtækast að byggja upp og styrkja ferðaþjónustu á svæðinu. Með því að leggja niður flug á svæðið er vegið illilega að tilraunum svæðisins til að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Einnig er hættu á því að störfum við flugþjónustu í landsfjórðungnum fækki, sem myndi vinna gegn markmiðum byggðaáætlunar. Til að hægt sé að meta sparnað sem breytingar á flugi til Vopnafjarðar og Þórshafnar hefði mögulega í för með sér þarf að taka með í reikninginn breytingar á kostnaði við samninga út af Grímseyjarflugi, sem sami flugrekstraraðili annast í dag. Rask á flugstarfsemi hefur í för með margvíslegar afleiðingar, fræðilegur möguleiki er t.d. að Norland air myndi flytja höfuðstöðvar sínar frá Akureyri til Grænlands og þar með skrifstofustörf og verkefni flugvirkja og annað sem fylgir frá Akureyri. Ótækt er að ekki sé horft til slíkra afleiðinga við ákvörðun um þessa þjónustuveitingu.

Einnig er það augljós afleiðing að þegar áætlunarflug leggst af hverfur fjármagn til viðhalds flugvalla. Það þarf varla að taka fram að forsenda þess að hér sé hægt að halda úti byggð og þjónustu og nýta mannvirki og fjárfestingar sem skila þjóðarbúinu gríðarlegum verðmætum þarf að vera gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu og góðar samgöngur almennt.

Flugfarþegum á milli Vopnafjarðar og Akureyrar hefur fjölgað um 35,7% frá árinu 2016, m.a. vegna lækkunar á flugfargjöldum. Því verður það að teljast einkennileg tillögugerð að minnka flugsamgöngur á landsbyggðinni þegar fyrir dyrum stendur að fara í aðgerðir á næsta ári sem koma mögulega til með að breyta rekstrargrundvelli slíkrar starfsemi, sbr. skosku leiðina með stórbættu aðgengi að ferðamátanum sem mun hafa í för með sér aukna notkun.

Þór Steinarsson, sveitarstjóri